

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

Alþingi
Erindi nr. P 126/1878
komudagur 18.4.2001



Reykjavík, 17. apríl 2001

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996, 345. mál.

Heilbrigðishópur BSRB tók frumvarpið til skoðunar og telur það mjög til bóta. Heilbrigðishópurinn gerði eftirfarandi athugasemdir:

„Ef hugað er að eftirfarandi atriði úr fyrstu grein - „**Það er réttur hvers manns að þurfa ekki að anda að sér lofti sem mengað er af völdum annarra**“ væri eðlilegt að kveða á um það í lögnum að reykingar verði alfarið bannaðar á skemmti- og veitingastöðum nema í sérstökum reykherbergjum sem útbúin eru með viðurkenndri loftræstingu. Það er augljóst að vonlaust er að halda aðskildu reyk- og reyklausu andrúmslofti í herbergjum þar sem reykingar eru leyfðar. Einnig þarf að tryggja starfsmönnum þessara fyrirtækja ómengað andrúmsloft.

Mjög er til bóta í frumvarpinu að lagt er til að sérstakt leyfi þurfi til að selja tóbak í smásölu. Þar sem óheimilt er í dag að selja börnum undir 18 ára aldri tóbak er eðlilegt að aðeins þeir sem náð hafi 18 ára aldri megi selja tóbak.

Í c-lið 10. grein laganna þyrfti að bæta við **framhaldsskólum og sérskólum** í upptalningu skóla þar sem talið er upp hvar tóbaksneysla er bönnuð.

Það þarf að styrkja tóbaksvarnir í grunnskólum landsins og er lagt til í frumvarpinu að 0,9% af brúttósölu tóbaks verði varið til tóbaksvarna (hækkun um 0,2% frá gildandi lögum). Í þingsályktunartillögu um heilbrigðisáætlun til ársins 2010 hafa m.a. komið fram þau markmið að tíðni daglegra reykinga á Íslandi verði komin niður í 15% hjá fullorðnum. Til þess að svo megi verða telur heilbrigðishópur BSRB raunhæft að 2% af brúttósölu tóbaks verði varið til tóbaksvarna.“

f.h. BSRB
Svanhildur Halldórsdóttir
Svanhildur Halldórsdóttir